

300 Mánuðir styrktarumsókn.

Framleiðendur

Bjartmar Einarsson  
Teitur Magnússon

## UM VERKEFNIÐ (300 MÁNUÐIR)

300 Mánuðir er íslensk stuttmynd í undirbúningi. Hún fjallar um einhverfan mann sem er búsettur á sambýli.

Á 25 ára afmælinu hans kemur ný stúlka að vinna á býlinu og á hún að sjá aðallega um hann. Þau fara göngutúra, bíó, út að borða, svo eitthvað sé nefnt. Ekki líður að löngu þar til að maðurinn er kolfallinn fyrir stúlkunni sem vinnur við að sjá um hann.

Lífið hans í einhverfunni tekur skyndilega U beygju og þarf hann að takast á við hin ýmsu vandamál sem ástin hefur upp á að bjóða.

Myndin kemur til með að vera 15-20 min í lengd.

Útlit myndarinnar er litríkt, unnið mikið með mismunandi liti sem og myndmál verður gríðarlega áberandi.

## TILGANGUR VERKEFNISINS

Að vekja athygli á einhverfu og sýna að hún er þarf endilega ekki að vera á háu stigi til þess að gjörbreyta lífi einstaklings.

Okkur langar að leiða fólk meira inn í líf hjá fólkum sem glímir við þennan sjúkdóm. Og einnig sýna að fólk sem er ekki heilbrigt er eftir allt saman bara venjulegt fólk sem upplifir það sama og hver maður út í bæ.

Í þessu tilviki verður sagt frá því þegar að maður sem glímir við einhverfu fellur fyrir aðstoðarstúlkunni sinni og reynir að segja henni það.

## FJÖLDI ÁHORFENDA OG ÞÁTTTAKENDA

Myndin mun styðjast við aðstoð frá um 10-15 manns, það er þá fólk sem leikur í myndinni og sem aðstoðar við tókur. Svo er fólk sem kemur til með að aðstoða við matargerð og elda ofan í liðið á meðan að tókum stendur en tókurnar koma til með að standa í 4 daga.

Svo stendur til að sýna hana á Akranesi í sumar.

Myndin verður að öllu leiti tekin upp á Akranesi.

**MARKAÐSETNING/ KYNNING**

Verkefnið er kynnt sem útskriftarverkefni Bjartmars Einarssonar frá Kvikmyndaskóla Íslands.

En stefnt er að sýna verkið á öllum helstu kvikmyndahátíðum heims og þar með kynna bæði land og umfangsefnið sem myndin tekst á við.

**HVERNIG NÝTIST STYRKURINN?**

Styrkurinn gefur verkefninu það fjármagn sem þarf til að gera það að veruleika. Vissulega eru einstaklingar í verkefninu sem stunda nám við Kvikmyndaskólanog vinna því ekki gegn gjaldi. En einnig fólk utan þess, þess ber helst að nefna, handritshöfundur, leikstjóri og kvikmyndaöku maður.

Hefur verkefnið fengið mjög gott tilboð frá tækjaleigunni Kukl þar sem verkefnið fær gríðarlegan afslátt á tækjum.

-----

**FJÁRMAGN**

Verkefnið kemur til með að kosta um 600.000kr í heildarkostnað.

*Fjárhagsáætlun.*

**300.000kr í camerubúnað, ljósabúnað, linsur**

*Fáum græjur á ódýrari prís. Sem annars myndu kosta upp undir milljón getum við nálgast fyrir um 300.000kr*

**100.000kr**

**í matarkostnað fyrir 10-15 manns í 4 daga. Hádegi, kvöld og millimáltíðir**

**50.000**

**í efniskostnað og props(smink og ýmsa hluti sem þarf að notast við í myndinni).**

**50.000**

**í hátíðir, en myndin verður sýnd á hátíðum víðs vegar um heimin og kostar um 7000-10.000kr hver umsókn fyrir sig.**

(CONTINUED)

*Stefnt er á að senda inn á hátíðir eins og t.d. Cannes, Raindance, Toronto einnig íslensku hátíðirnar Riff, Stockfish og Northern Wave svo eitthvað sé nefnt.*

**100.000**

í eftirvinnslukostnað, ca mánuður í klippingu, litaleiðréttingu og hljóðvinnslu

50% af heildarkostnaði eða 300.000kr kemur frá einum af framleiðendum myndarinnar og Kvikmyndaskóla Íslands, einnig eru Kukl stór styrktaraðilli með því að gefa stóran afslátt.